

## LÖG

### um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Skal það hætumat ná til þéttbýlis.

b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra getur ákveðið að gerð verði úttekt á hættu á ofanflóðum í dreifbýli þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Með byggð í þessari málsgrein er ekki átt við frístundabyggð. Þó skal heimild ráðherra ná til þyrpinga þegar byggðra frístundabyggða og frístundahúsa þar sem einstaklingar hafa skráð lögheimili. Enn fremur skal heimild ráðherra ná til samkomuhúsa, svo sem skóla, félagsheimila og þess háttar bygginga. Veðurstofa Íslands annast úttektina og skal gerður um það samningur, sbr. 3. mgr.

c. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sama á við um úttekt skv. 4. mgr.

#### 2. gr.

1. tölul. 1. mgr. 13. gr. orðast svo: Greiða skal allan kostnað við gerð hættemats skv. 4. gr., þ.m.t. kostnað við starfsemi hættematsnefnda, svo og kostnað við gerð úttektar skv. 4. gr. og við gerð uppdráttar skv. 6. gr.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að undantekinni 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2009.

*Gjört á Bessastöðum, 28. maí 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Þórunn Sveinbjarnardóttir.*